

REGLUGERÐ

um breytingu tekjumarks skv. 11. og 12. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Ellilífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur (þ.e. skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, bætur almannatrygginga, bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og aðstoð félagsmálastofnana) einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 1.050.552 eða kr. 87.546 á mánuði.

2. gr.

Örorkulífeyri (grunnlífeyri) skal skerða í samræmi við ákvæði 12., sbr. 11. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 ef árstekjur (þ.e. skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, bætur almannatrygginga, bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og aðstoð sveitarfélaga) einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en kr. 1.070.532 eða kr. 89.211 á mánuði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 433/1996.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist þannig:
Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 740.

2. gr.

Töluliður nr. 89 í viðauka 1 orðist þannig:
Nr. 89 Útgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla 3,4

3. gr.

Töluliður nr. 90 í viðauka 1 orðist þannig:
Nr. 90 Endurútgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda 1,7

4. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist

hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. október 1997.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grímsneshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grímsneshrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Lögbýli	sorphirðugjald	kr.	5 000
Íbúðarhús	- " -	kr.	3 000
Sumarhús	- " -	kr.	2 000
Fyrirtæki:	1. flokkur	- " -	kr. 5 000
- " -	2. flokkur	- " -	kr. 15 000
- " -	3. flokkur	- " -	kr. 30 000
- " -	4. flokkur	- " -	kr. 60 000
- " -	5. flokkur	- " -	kr. 120 000
- " -	6. flokkur	- " -	kr. 150 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grímsneshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 29. september 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.